

Ed.

155. Frumvarp til laga

[118. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1973, um breyting á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna nr. 64 1965.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins starfrækir og kostar rannsóknastofur utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og að fengnum tillögum aðila fiskiðnaðarins. Leita skal samstarfs við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi svæði. Sömuleiðis skal athugað að nýta aðstöðu og samstarf við menntastofnanir á staðnum. — Rannsóknastofur þessar skulu veita fiskiðnaði og öðrum matvælaiðnaði á viðkomandi svæði þjónustu með rannsóknum, gæðaeftirliti og leiðbeiningum gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 22 16. mars 1973 var gerð sú breyting á lögum nr. 64/1965 um rannsóknir í þágu atvinnuveganna að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins var falið að starfrækja rannsóknastofur utan Reykjavíkur, samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra og að fengnum tillögum aðila fiskiðnaðarins. Leita skyldi samstarfs í því efni við fiskiðnað, aðra matvælaframleiðendur og sveitarfélög á viðkomandi stað og að þessir aðilar legðu fram helming stofnkostnaðar þessara útibúa.

Með frumvarpi þessu er lagt til að lögum nr. 22 1973 verði breytt á þann veg að útibú þessi verði starfrækt og kostuð af ríkinu einu en niður falli það ákvæði að heimaáðilar greiði helming stofnkostnaðar þeirra.

Þó að starfræksla slíkra útibúa sé mikil framför og fagnaðarefni viðkomandi byggðarlaga þá hefur nokkurrar óánægju gætt með þá tilhögun að helming stofnkostnaðar skuli heimamönnum vera ætlað að bera.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er rekin og kostuð af opinberu fé. Eins er þessu farið með aðrar rannsóknastofnanir í þágu atvinnuveganna og útibúa þeirra utan Reykjavíkur.

Hafrannsóknastofnunin er t. d. um þessar mundir að koma upp 3 útibúum úti á landsbyggðinni og kostar þau að öllu leyti. Rannsóknastofnun landbúnaðarins rekur sömuleiðis 6 tilraunastofnanir víðs vegar um land og eru þær reknar sem hluti aðalstofnunar og kostaðar af henni.

Fá rök virðast því liggja til þess að stofnkostnaður útibúa Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins einnar sé lagður að hálfu á viðkomandi byggðarlag.

Slík tilhögun á sér ekki hliðstæðu, hún er hvorki sanngjörn né eðlileg með tilliti til sameiginlegra hagsmuna allra landsmanna af öflugum rannsóknastarfi á sviði sjávarútvegs og mikilvægis þeirrar undirstöðuatvinnugreinar fyrir efnahag landsins.